

## Fundargerð 462

Miðvikudaginn 20. júní 2018 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn: Illugi Gunnarsson stjórnarformaður (í síma), Gunnar Þór Sigbjörnsson, Gunnar Þorgeirsson, Karl Björnsson, María Hjálmarasdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Anna Lea Gestsdóttir sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 3-12), Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-3 og 9-12), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 3-12), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson boðaði forföll og hafði varamaður hans ekki tök á að mæta.

Formaður setti fund kl. 9:20 og lagði til að KB yrði fundarstjóri. Samþykkt samhljóða og tók KB við fundarstjórn.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Nýbygging fyrir Byggðastofnun – til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar – til afgreiðslu
4. Lántaka fyrir Byggðastofnun – til afgreiðslu
5. Tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar – til afgreiðslu
  - a. Þingeyri
  - b. Flateyri
  - c. Bakkafjörður
  - d. Raufarhöfn
6. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa – til afgreiðslu
7. Persónuverndarstefna og persónuverndarfulltrúi – til afgreiðslu
8. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 – til kynningar
9. Úthlutun fjár til atvinnuráðgjafar – til kynningar
10. Samanburður fasteignamats og -gjalda 2018 – til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu

Fundarstjóri bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 461 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Nýbygging fyrir Byggðastofnun – til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá minnisblað forstjóra um tilboð sem bárust í byggingu nýs skrifstofuhúsnæðis fyrir Byggðastofnun. Auk þess minnisblað Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um þá kosti sem eru í boði og fundargerð fundar húsnefndar Byggðastofnunar með fulltrúum FSR og Ríkiskaupa.

Eftirfarandi tilboð bárust í bygginguna:

Nr.	Bjóðandi	Tilboð við opnun	Hlutf. af kostnaðaráætlun
1.	K-tak ehf.	kr. 651.096.845	142,10%
2.	Friðrik Jónsson ehf.	kr. 718.257.678	156,76%
3.	Verkeining ehf.	kr. 766.790.460	167,35%
4.	Spennt ehf.	kr. 786.609.372	171,68%

AP lagði til að stjórn Byggðastofnunar samþykki fyrir sitt leyti að tilboði lægstbjóðanda í verkið yrði tekið og feli forstjóra að leita heimildar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir við þá fyrirætlun.

Stjórnarmenn lýstu vonbrigðum með há tilboð. Mikil þensla væri á byggingamarkaðnum um þessar mundir og lýsti það sér greinilega í innkomnum tilboðum.

Formaður lagði til að öllum tilboðum yrði hafnað og boðið út að nýju. Farið yrði vel yfir kostnaðaráætlun og hönnun í samstarfi við FSR og hönnuði. Stefnt er að útboði fyrir árslok. Fundarstjóri bar upp tillögu formanns og var hún samþykkt samhljóða.

#### 4. Fundargerðir lánanefndar – til afgreiðslu

Fyrir fundinum lágu fundargerði lánanefndar nr. 20/18 og 21/18.

Spurt var út í höfnun á tilboði í fasteignina á Valgerðarstöðum og svöruðu AP og HÁ því að þeir hefðu talið tilboðið of lágt.

...

#### 5. Lántaka fyrir Byggðastofnun

Fyrir fundinum lá minnisblað frá forstjóra og forstöðumanni rekstrarsviðs þar sem lagt var til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá lántöku að fjárhæð 2,5 milljarðar króna annað hvort með útgáfu á verðtryggðum eða óverðtryggðum skuldabréfaflokki eða með beinni lánveitingu til allt að 15 ára. Verði af skuldabréfaútgáfu verði hún skráð í Kauphöll Íslands og í Verðbréfaskráningu.

Fundarstjóri bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

#### 6. Tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar – til afgreiðslu

SÁ kynnti niðurstöður og tillögur aflamarksnefndar Byggðastofnunar á umsóknum um aflamark Byggðastofnunar sem hafa borist. Fyrir fundinum lágu minnisblöð með niðurstöðum aflamarksnefndar, umsóknir og umsagnir viðkomandi sveitarfélaga.

##### a. Þingeyri

Á fundi aflamarksnefndar Byggðastofnunar þann 19. júní sl. var eftirfarandi bókað:

„Þrjár umsóknir bárust vegna allt að 500 þorskígildistonna af Aflamarki Byggðastofnunar á Þingeyri til sex ára. Þær voru frá Íslensku sjávarfangi ehf. og samstarfsaðilum sem eru með núverandi samning, frá Útgerðarfélaginu Otri ehf. og Siglunesi ehf. og frá WSG Trading ehf.“

Allir umsækjendur sækja um allt auglýst magn. Í matsblöðum vegna umsóknanna eru umsóknir aðila teknar saman og þær metnar. Meginniðurstaðan er að Íslenskt sjávarfang ehf. og samstarfsaðilar hyggjast halda áfram starfsemi á sama grunni og undanfarin ár á meðan að aðrir umsækjendur hyggjast byggja upp nýjar vinnslur á Þingeyri sem kæmu þá að öllum líkindum í stað vinnslu Íslensks sjávarfangs að einhverju eða öllu leiti. Íslenskt sjávarfang ehf. hefur fram til þessa staðið við samkomulag um Aflamark Byggðastofnunar, verið stærsti vinnustaðurinn á Flateyri auk þess að vera í samstarfi við smábátasjómenn á staðnum og treysta þannig útgerð þeirra.“

*Tillögur til stjórnar:*

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Íslenskt sjávarfang ehf. og samstarfsaðila vegna 500 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðirára á grundvelli umsóknar félaganna.

Lagt er til að umsókn Útgerðarfélagins Oturs ehf. og Sigluness ehf. vegna 500 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðirára verði hafnað.

Lagt er til að umsókn WSG Trading ehf. vegna 500 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðirára verði hafnað.

Fundarstjóri bar tillögur aflamarksnefndar upp eftir umræður og voru þær samþykktar samhljóða.

## HÁ vék af fundi

### b. Flateyri

Á fundi aflamarksnefndar Byggðastofnunar þann 19. júní sl. var eftirfarandi bókað:

„Þrjár umsóknir bárust vegna allt að 400 þorskígildistonna af Aflamarki Byggðastofnunar á Flateyri til sex ára. Þær voru frá West Seafood ehf. (áður Fiskvinnslu Flateyrar ehf.) og samstarfsaðilum sem eru með núverandi samning, frá Walvis ehf. og samstarfsaðilum og frá ÍS 47 ehf. Umsókn ÍS 47 ehf. var sameinuð umsókn West Seafood ehf. þar sem að ÍS 47 ehf. var einnig hluti af þeirri umsókn.

Báðir aðilar sækja um allt auglýst magn en í rekstraráætlun Walvis ehf. er gert ráð fyrir úthlutun upp á 200 þorskígildistonn. Í matsblöðum vegna umsóknanna er gert ráð fyrir úthlutun upp á 200 þorskígildistonn. Í matsblöðum vegna umsóknanna eru umsóknir aðila teknar saman og þær metnar. Meginniðurstaðan er sú að sá fjöldi starfa sem yrði viðhaldið á Flateyri með því að ganga til samninga við West Seafood ehf. og samstarfsaðila yrðu mun fleiri en þau störf sem að yrðu til hjá Walvis ehf.“

*Tillögur til stjórnar:*

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við West Seafood ehf. og samstarfsaðila vegna 400 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðirára á grundvelli umsóknar félaganna.

Lagt er til að umsókn Walvis ehf. og samstarfsaðila vegna 400 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðirára verði hafnað.

Fundarstjóri bar tillögur aflamarksnefndar upp eftir umræður og voru þær samþykktar samhljóða.

### c. Bakkafjörður

Á fundi aflamarksnefndar þann 18. júní sl. var eftirfarandi var bókað:

„Ein umsókn barst vegna vegna allt að 250 þorskígildistonna á Bakkafirði. Umsækjendur er Halldór fiskvinnsla ehf. og Pollur ehf. Fyrir liggur umsögn viðkomandi sveitarfélags og svarbréf umsækjanda vegna umsagnarinnar.“

*Tillaga til stjórnar:*

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Halldór fiskvinnslu ehf. og Poll ehf. vegna 250 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðiára á grundvelli umsóknar félaganna.

Fundarstjóri bar tillögu aflamarksnefndar upp eftir umræður og var hún samþykkt samhljóða.

*d. Raufarhöfn*

Á fundi aflamarksnefndar Byggðastofnunar þann 18. júní sl. var eftirfarandi bókað:

„Tvær umsóknir bárust vegna allt að 500 þorskígildistonna af Aflamarki Byggðastofnunar á Raufarhöfn til sex ára. Annars vegar frá GPG Seafood ehf. og hins vegar frá Hólmsteini Helgasyni ehf. og samstarfsaðilum. Tvær umsóknir bárust sömuleiðis vegna 200 þorskígildistonna vegna fiskveiðiársins 2017/2018 á Raufarhöfn. Annars vegar frá GPG Seafood ehf. og f.h. þeirra samstarfsaðila sem undirrituðu samning um Aflamark Byggðastofnunar sem hefur verið í gildi frá 2013/2014 og hins vegar frá Hólmsteini Helgasyni ehf. og samstarfsaðilum. Í báðum tilvikum sækja báðir aðilar um allt það magn sem auglýst var.

Í matsblöðum vegna umsóknanna eru umsóknir aðila teknar saman og þær metnar. Helstu áhersluatriði GPG Seafood ehf. í seinni umsókninni sérstaklega nefnd í matsblaði vegna umsóknar fyrirtækisins en seinni umsókn Hólmsteins Helgasonar ehf. vísar að stærstum hluta til fyrri umsóknar.

Meginniðurstaða er að báðir aðilar teljast hæfir í skilningi 2. gr. reglugerðar nr. 656/2016. Nokkur munur er á umsóknunum þar sem fjöldi starfa sem GPG Seafood ehf. mun viðhalda í fiskvinnslu sinni á Raufarhöfn eru mun meiri en þau störf sem myndu skapast yrði samið við Hólmstein Helgason ehf. og samstarfsaðila og að mótframlag GPG Seafood ehf. er einnig mun meira. Líkur eru á því að starfsfólki myndi fækka í fiskvinnslu GPG Seafood ehf. komi til þess að Aflamarki Byggðastofnunar yrði úthlutað til Hólmsteins Helgasonar ehf. og samstarfsaðila að hluta eða öllu leiti.“

*Tillögur til stjórnar:*

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við GPG Seafood ehf. vegna 500 þorskígildistonna til næstu sex ára á grundvelli umsóknar félagsins.

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við GPG Seafood ehf. og samstarfsaðila vegna 200 þorskígildistonna vegna yfirstandandi fiskveiðiárs á grundvelli umsóknar félaganna.

Lagt er til að umsókn Hólmsteins Helgasonar ehf. og samstarfsaðila vegna 500 þorskígildistonna til næstu sex ára verði hafnað.

Lagt er til að umsókn Hólmsteins Helgasonar ehf. og samstarfsaðila vegna 200 þorskígildistonna vegna yfirstandandi fiskveiðiárs verði hafnað.

Fundarstjóri bar tillögur aflamarksnefndar upp eftir umræður og voru þær samþykktar samhljóða.

## 7. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa – til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá minnisblað frá forstöðumanni rekstrarsviðs, úttekt KPMG á fylgni Byggðastofnunar gagnvart leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2014 um upplýsingatækniumhverfi eftirlitsskyldra aðila auk öryggis-, aðgangs-, öryggisafritunar- og fjarvinnslustefnu stofnunarinnar.

MH og AP lögðu til að öryggis-, aðgangs-, öryggisafritunar- og fjarvinnslustefna Byggðastofnunar yrðu staðfestar óbreyttar frá fyrra ári.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

## 8. Persónuverndarstefna og persónuverndarfulltrúi

Fyrir fundinum lá tillaga að nýrri persónuverndarstefnu Byggðastofnunar og erindisbréf persónuverndarfulltrúa.

AP lagði til að Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs yrði persónuverndarfulltrúi Byggðastofnunar.

Fundarstjóri bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða. Skipuriti stofnunarinnar verður breytt til samræmis.

## 9. Staða verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar

Fyrir fundinum lá stöðuskjal yfir verkefni á starfsáætlun og upplýsingar um stöðu rekstrar 31. maí sl.

AP og MH fóru yfir rekstur fyrstu 5 mánuði ársins.

KB spurði út í vinnu við þjónustukort sem ætti að kynna ríkisstjórn í júlí. SBS sagði frá stöðu verkefnisins. Um gagnvirkt kort yrði að ræða þar sem sýnt verður hvar þjónusta ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila er veitt. Landmælingar Íslands hafa veitt ráðgjöf og eins hefur verið leitað liðsinnis hjá Alta ráðgjöf. Komið hefur verið á samstarfi við þrjú sveitarfélög í upphafi en í fyrsta áfanga á að safna upplýsingum um þjónustu á vegum opinberra aðila, í öðrum áfanga þjónustu einkaaðila og í þriðja áfanga setja upp „mælaborð“ sem sýnir gæði þjónustu. Líklegt má telja að stofnuninni verði falið að hafa umsjón með uppfærslu upplýsinga á kortinu. Umræður sköpuðust um viðhald á upplýsingum í þjónustukortinu auk tenginga við aðra gagnagrunna. AP upplýsti að verið væri að leggja drög að því að ráða starfsmann tímabundið til að vinna að verkefninu.

SJ lýsti ánægju með að byggðaáætlun hafi verið samþykkt.

GP spurði út í erlend samstarfsverkefni. SBS upplýsti að um er að ræða, NPA, NORA og ESPON. Eftirsóknarvert er að umsjón með þessum verkefnum sé vistuð hjá stofnuninni enda hefur sýnt sig að stór hluti styrkja hafi komið út á land.

## 10. Úthlutun fjár til atvinnuráðgjafar – til kynningar

SBS og ALG kynntu minnisblað um skiptingu fjár til atvinnuráðgjafar en óskir hafa komið upp frá atvinnuþróunarfélögunum að skipting fjárins sé tekin til endurskoðunar.

Formaður velti því upp hvort Byggðastofnun sé í raun heimilt að breyta skiptingunni þar sem inni í úthlutuninni eru fjármunir sem eyrnamerkir voru upphaflega ákveðnum verkefnum í fjárlögum.

### 11. Samanburður fasteignamats og -gjalda 2018 – til kynningar

ALG kynnti samanburð á fasteignamati og -gjöldum sveitarfélaga og þéttbýlisstaða á árinu 2018.

### 12. Önnur mál

*Byggðaleg áhrif veiðigjalda*

KB spurði um stöðu byggðalegra áhrifa veiðigjalda. Mikilvægt væri að það lægi fyrir sem fyrst. AÐ og SÁ upplýstu um stöðuna.

*Kynning á kalkþörungavinnslu í Súðavík*

AÐ kynnti bréf og kynningu sem barst frá Pétri G. Markan sveitarstjóra Súðavíkurhrepps um fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju í Súðavík.

AÐ upplýsti að hann sé einn umsækjanda um starf skrifstofustjóra skrifstofu landbúnaðar og matvæla í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

GP þakkaði fyrir heimsókn starfsmanna í fyrirtæki á suðurlandi og þar á meðal í garðyrkjustöð sína á Suðurlandi.

### 13. Næsti fundur

Næsti fundur verður 24. ágúst nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:10

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____